

Nefndasvið Alþingis  
Alþingishúsinu  
Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1698*  
*komudagur 20.2.2013*

Athugasemdir við þingsályktunartillögu um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi.  
84. mál

Umrædd þingsályktunartillaga er full af þversögnum, refahatri og vankunnáttu á vistfræði íslenskrar náttúru. Tófan hefur búið hér í árþúsund og fyrir löngu er komið á jafnvægi milli hennar og lífríkis landsins. Vissulega étur tófan fugla og hefur gert frá upphafi, eins og réttilega er bent á í greinargerð með tillögunni, en fuglastofnar hafa fyrir löngu aðlagast þessu sambyli. Það er sannað að afræningi hefur ekki áhrif á stofnstærð bráðar nema í litlum vistkerfum (dæmi: minkar geta eitt fiski úr litlum tjörnum eða fuglum á afmörkuðu landsvæði). Þetta tófuhatur, þessir fordómar, stafa fyrst og fremst að meintri samkeppni tófunnar og mannsins frá landnámi. Þetta er úreltur hugsunarháttur, sem á ekki við í nútímaþjóðfélagi. Skoðum nokkur atriði af mörgum sem mæla gegn tillögunni:

1) Æðarbændur leggja fæð á tófuna, en í raun gerir hún þeim kleift að stunda dúntekju í einhverjum mæli, tófan þéttir æðarvörp og heldur fuglunum saman, þannig að þeir vilja verpa í eyjum (tófan syndir sjaldan), tóngum eða öðrum strandsvæðum, þar sem tófan kemst illa að þeim. Tófan er því í raun besti vinur æðarbóndans, þó það kunnir að hljóma undarlega.

2) Tófan hefur griðland á Hornströndum, þar sem hún er óvenju spök. Það er vaxandi atvinnugrein að sýna ferðamönnum þessar spöku tófur í hinu stórkostlega landslagi. Byrjar smátt en gæti orðið vaxandi atvinnugrein, samanber vöxt og viðgang hvalaskoðunar. Hið merka starf Melrakkasetursins á Súðavík er dæmi um uppbyggingu á sviði vísinda og fræðslu kringum tófuna á Hornströndum og reyndar um land allt. Hróður setursins hefur borist víða um heim. Það hefur alls ekki verið sannað að tófur hafi slæm áhrif á fuglastofna á Hornströndum. Þar er gnótt ætis í hinum miklu fuglabjörgum og hafa rannsóknir sýnt, að tófan hefur hvorki áhrif þar né á annað fuglalíf, eins langt og það nær í eyðibýggð. Alger fjarstæða er að tófur streymi yfir landið frá friðlandinu, eins og rannsóknir hafa sýnt.

3) Rannsóknir Borgnýjar Katrínardóttur á varpháttum spóa á Suðurlandi, þar sem í fyrsta sinn var notuð hreiðurmyndavél til að kanna afrán (eggjaát) á hreiðrum (Borgný Katrínardóttir, 2012, *The importance of Icelandic riverplains as breeding habitats for Whimbrels Numenius phaeopus*, Master's thesis, Faculty of Life and Environmental Sciences, University of Iceland, pp. 50) leiddu í ljós að sauðfé var miklu stærri afræningi á spóahreiðrum heldur en tófan, fé át egg úr 7 hreiðrum, en tófa aðeins úr einu: „The cameras recorded 13 predation/destruction events (Table 4). On **one occasion the nest robber was an Arctic fox (*Alopex lagopus*)** and that was the only time the nest was emptied completely in one round, leaving no remains. On three occasions Arctic skuas (*Stercorarius parasiticus*) removed one egg at a time (from two nests). Horses ruined one nest in two rounds and **sheep were responsible for the rest of the events (7)**. Only sheep and horses were caught on camera taking eggs on the riverplain site, all other events took place on the grassland site.“ (leturbr. mín). Venjulega er tófunni kennt um stærstan hluta afráns á mófuglahreiðrum, svo þessar niðurstöður koma sannarlega á óvart.

4) Löngum hefur verið hamrað á áhrifum tófunnar á rjúpuna, en rannsóknir Ólafs K. Nielsen hafa leitt í ljós, að veiðar hafa mun meiri áhrif á stofninn heldur en nokkurn tíma afræningjar.

5) Eftir að fé fór að bera inni hefur tófan sótt miklu minna í lambfé heldur en fyrr á öldum, þegar aðstæður voru aðrar.

6) Sú spurning vaknar hvaða tilgangi þessi tillaga eigi að þjóna, eru það hagsmundir náttúrunnar eða refaveiðimanna, sem eru í öndvegi? Fjárhagslegir hagsmundir fremur en náttúruverndarhagsmundir? Undirritaður hefur ekkert á móti veiðum sem slíkum, en það er tímaskekkja að vera að greiða mönnum sérstaklega fyrir veiðar á einu dýri fremur en öðru.

Það er von mín að flutningsmenn tillögunnar, sem verður að telja upplýst nútímafólk, dragi hana til baka, því það hæfir ekki hinu háa Alþingi að senda slíkt frá sér.

Stokkseyri 20. febrúar 2013

Með virðingu

Jóhann Óli Hilmarsson, tófu- og fuglavinur